

Heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir
Heilbrigðisráðuneytinu
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2019.

Efni: Áform um álagningu sykurskatts og gögn að baki þeim

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til fréttu Stöðvar 2 þriðjudagskvöldið 5. nóvember sl., en þar kom fram í máli Dóru Guðrúnar Guðmundsdóttur, sviðsstjóra hjá embætti landlæknis, að heilbrigðisráðherra hefði ákveðið að setja á fót starfshóp til að vinna að útfærslu á sykurskatti. Haft var eftir sviðsstjóranum að Íslendingar ættu Norðurlandamet í sykurneyzlu.

FA hefur ítrekað bent ráðherra á að tillögur Landlæknisembættisins um upptöku sykurskatts séu byggðar á gömlum, úreltum og/eða röngum gögnum.

Tölurnar gamlar og úreltar ...

Hinn 9. maí í fyrra, eftir að greint hafði verið frá áformum um að leggja á sérstakan gosskatt, einnig að tillögu Landlæknisembættisins, skrifaði FA ráðherra bréf, þar sem sagði m.a.:

„Í tillögum landlæknis er gengið út frá því að um þriðjungur af viðbættum sykri í mataræði landsmanna komi úr gosdrykkjum. Jafnframt er því haldið fram að neyzla Íslendinga á sykrudum gosdrykkjum sé meiri en annarra norrænna þjóða. Hvort tveggja eru hæpnar fullyrðingar. Landlæknisembættið virðist byggja á gögnum Hagstofunnar um gosdrykkjaneyzlu, sem ekki eru sundurliðuð í sykraða og ósæta drykki, þ.m.t. kolsýrða vatnsdrykki, og álykta út frá þeim um neyzlu á sykrudu gosi. Þessi gögn eru ekki sambærileg við þau gögn um neyzlu sykraðs goss sem önnur norræn ríki nota, auk þess sem þau eru að hluta til orðin 7-8 ára gömul. Samkvæmt ofangreindum tölum Markaðsgreiningar/AC Nielsen kemur innan við fimmtungur sykurneyzlu Íslendinga úr gosdrykkjum.

Mikilvægt er að ákvarðanir eins og þær sem Landlæknisembættið leggur til séu ekki teknar á grundvelli rangra gagna. Því miður hefur embættið ekki sinnt óskum framleiðenda og innflytjenda gosdrykkja um samtal um það hvernig megi tryggja að þau gögn, sem embættið byggir tillögur sínar á, séu rétt.“

Engin svör bárust frá ráðuneytinu við þessu bréfi.

... og samt notaðar aftur ...

Félagið skrifaði ráðherra aftur 27. júní síðastliðinn og vísaði til blaðagreinar ráðherra, þar sem greint var frá aðgerðaáætlun Landlæknisembættisins í því skyni að draga úr neyzlu sykurs. Þar var ný megingtillaga embættisins skattur, sem ætti að leggjast á gosdrykki, jafnt sykraða sem ósykraða, og sælgæti.

Í grein ráðherra var sett fram sú fullyrðing að á Íslandi, samanborið við hin Norðurlöndin, væri mest neyzla á sykrudum gosdrykkjum og sykurríkum vörum. „Sykraðir gos- og

svaladrykkir vega þyngst í sykurneyslu hér á landi en rúmlega þriðjungur (34%) af viðbættum sykri í fæði landsmanna kemur úr þessum vörum.“

FA benti á að talan virtist tekin upp úr áður nefndri aðgerðaáætlun, en þar segir: „Gosdrykkir vögu þyngst í sykurneyslu fullorðinna í landskönnun 2010-2011 en um 34% viðbættis sykurs kom úr sykrudum gos- og svaladrykkjum.“ Í áætluninni, sem FA fékk senda frá Landlæknisembættinu, var ekki að finna neinn hlekk á útreikninga að baki þessari fullyrðingu.

... þrátt fyrir ábendingar

FA lýsti í þessu bréfi furðu á að ráðherra skyldi ítrekað taka upp á opinberum vettvangi tölur sem henni hefði verið bent á að væru bæði úreltar og rangar. Jafnframt hefði ráðherra kosið að gera ekkert með ábendingar um áreiðanleg gögn, sölutölur frá síðustu árum, sem sýna fram á að hratt hefur dregið úr neyzlu sykraðra gosdrykkja á sama tíma og neyzla á kolsýrðu vatni vex hröðum skrefum.

Í bréfinu óskaði FA eftir því, á grundvelli upplýsingalaga, að ráðuneytið afhenti félaginu gögn og útreikninga sem lægju að baki ofangreindum fullyrðingum ráðherra. Svarið barst í tölvupósti 24. júlí síðastliðinn, en þar var staðfest að fullyrðingar ráðherra byggðust á áður nefndri aðgerðaáætlun Landlæknis.

Þriðja boð um samráð og samstarf

Félag atvinnurekenda lýsir enn á ný furðu á þeim vinnubrögðum að byggja tillögur um íþyngjandi skattlagningu á röngum og úreltum gögnum. Félagið ítrekar mikilvægi þess að ákvarðanir um slíka skatta séu ekki teknar nema á grundvelli haldbærra, nýlegra gagna.

Félagið ítrekar því þriðja sinni boð sitt og félagsmanna sinna um samráð og samtal við ráðuneytið og stofnanir þess um hvernig megi tryggja að rétt gögn liggi fyrir við mótun opinberrar stefnu. Það er einlæg von félagsins að starfshópur ráðherra leiti réttra gagna, bæði hér á landi og erlendis, í stað þess að styðjast við samantektir Landlæknisembættisins, sem sýnir furðulegt áhugaleysi á að hafa það sem sannara reynist.

Virðingarfyllst,


 Ólafur Stephensen
 framkvæmdastjóri FA